


Hlíðartúnshúsin í Borgarnesi



Ljósmynd: Kay Young. 2005.

Útihús við Hlíðartún í Borgarnesi

Útihúsin við Hlíðartún eru merkar minjar um búskap í þéttbýli á fyrstu áratugum 20. aldar. Þau eru staðsett við aðalgötu Borgarness og eru því í góðri nánd við almenna umferð.

Sigurður Guðmundsson (fæddur í Galtarholti 1892, d. 1971) afi Sigurðar, byggði húsin 1919, en hann fluttist í Borgarnes 1918. Kona hans hét Bjarnlaug Helgadóttir (1880 - 1947). Sigurður (SG) hlóð þetta allt og dró til þess grjót úr fjörunni og nánasta umhverfi á hestvagni upp. Hrefna Sigurlaug Sigurðardóttir (1919-2007) dóttir SG bjó síðar í Hlíðartúni ásamt manni sínum Daníel Gunnars Jónssyni (1924-2000).

Fé var haft í húsunum allt fram á 8. áratuginn og ein kýr var í fjósinu þegar Sigurður (SD) man eftir. Fyrir framan fjánhúsin var brunnur sem gaman væri að endurgera, en slíkir brunnar voru einkennandi fyrir vatnsbúskap Borgnesinga áður en vatnslögn um fjörðinn kom til.

Útihús og skepnuhald var sterkt einkenni byggðar í Borgarnesi á fyrstu áratugum 20. aldar og voru þau mjög víða í plássinu allt fram á 8. áratuginn. Þar hafði fólk kýr, kindur og hesta. Sigurður (SD) var sem drengur látinn fara með kúna sem var á Hlíðartúnsbænum í brekkurnar fyrir ofan Fitjarnar (votlendið á milli Granastaðalands og Ólafsvíkurvegar) þar sem hún var á beit allan daginn og oft beið hann þar ásamt öðrum sem voru einnig með kýr þangað til tími var til að reka heim.

Íbúðarhúsið við Hlíðartún var byggt í tveimur hlutum (1928 og líklega 1953) og á meðan sá síðari var í byggingu var sofíð í hlöðunni. Sama gildi þegar heyskapur var í gangi og gestkvæmt var, þá var hlaðan nýtt sem svefnstaður. Búfé var gjarnan slátrað á túninu á haustin. Í stærra fjánhúsinu var gott baðker fyrir sauðfé og af því aðstaðan var svo góð var þar einnig baðað fé frá öðrum.

Eftir frásögn Sigurðar Danielssonar (f. 1951)
Fyrst skráð 19. ágúst 2008 - Guðrún Jónsdóttir

Safnahús Borgarfjarðar - 2015